

10. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Glerárgötu 34, kaffistofu Raftákns 27. Maí 2013.

Mættir:

Hlynur Jónsson formaður, Finnur Víkingsson, Hafþór Jörundsson og Svala Haraldsdóttir.

Svala Haraldsdóttir og Hlynur Jónsson rituðu fundargerð.

Einnig er Oddur Helgi Halldórsson bæjarfulltrúi og formaður Framkvæmdaráðs mættur til að ræða við hverfisnefndina um úthlutun á afmælisári og annað.

1. Leiksvæði milli F-gila og V-gila.
 2. Norðurorka og tillaga hverfisnefndar til samvinnu.
 3. Kostnaðaráætlun Akureyrarbæjar.
 4. Tilgangur hverfisnefndar.
 5. Nökkvasvæðið og kosnaður við fegrun þess og sláttutraktor.
-
1. Leiksvæðið milli F-gila og V-gila rætt. Hverfisnefndin óskaði eftir úrskýringum á því hvernig framkvæmdaferli væri háttað við uppbygginu leiksvæðis í íbúðahverfi. Fannst henni líttill áhugi á framkvæmdum að hálfu Akureyrarbæjar. Nefndin hefur áhuga á að byrja á framkvæmdum sem fyrst og nýta þá peninga sem eyrnamerkir voru hverfinu til þessa. Taldi nefndin að hægt væri að spara hönnunarkostnað með því að teikna 2 velli í einu eða leita tilboða í verkið. Einnig spurt hvort bærinn ætti notuð leiktæki til nota á völinn. Oddur taldi svo vera en þau væru ekki öryggisvottuð og því ekki nothæf. Nefndin ítrekaði þá skoðun sína að bærinn þyrfti samhliða uppbyggingu leiksvæðisins að ganga frá göngustígum milli þessa hverfa og lýsingu. Því hefði nefndin innt fulltrúa bæjarins eftir því hvort þessir stígar væru á dagskrá hjá Framkvæmdamiðstöð en engin svör fengið við því og enga sundurliðun verið hægt að fá á því, í hvað 52.200.000 kr. færu í sem merkt er "Gangstéttar og stígar" í áætlun Framkvæmdamiðstöðvar.

Oddur taldi að nefndin réði yfir þessari fjárhæð sem ætluð væri til hverfisnefndar og það væri nefndarinnar að segja hvað hún ætti að fara í, bærinn hefði ekkert með það að gera hvernig nefndin eyddi þessu.
 2. Nefndin spurði Odd um aðkomu Norðurorku að lýsingu í hverfinu. Nefndin hafði sent Norðurorku beiðni um aðkomu að lýsingu á brekkunni við suðurenda Vættargils. Oddur taldi þetta vera á könnu bæjarins en það skaðaði ekki að heyra í Norðurorku. Beið er viðbragða Norðurorku.
 3. Kostnaðaráætlun og framkvæmdaýfirlit Akureyrarbæjar skoðað. Fannst nefndinni vanta 6,5 milljónir upp á að 100 milljóna framlaginu væri náð. Oddur sagði það með ráðum gert til að eiga

fyrir verkum sem fara umfram kostnaðaráætlun. Taldi hann hugsunina ekki vera að hverfisskipta framlaginu. Viðgerð við gömlu Gleránna var rædd og töldu nefndarmenn að sú vinna ætti að falla undir öryggismál en ekki vera til fegrunar, þar var Oddur ósammála en 3 milljónir eru áætlaðar í það verkefni af afmælispeningunum.

4. Tilgangur hverfisnefndar ræddur. Ein aðal ástæða þess að menn fengust í hverfisnefnd var sú ákvörðun bæjarstjórar að gefa okkur bæjarbúum þessa umhverfisafmælisgjöf sem menn áttu von á að myndi dreifast betur á hverfin og til að virkja nefndirnar. Málið rætt frá ýmsum hliðum við Odd sem bað menn um að sýna bæjarstjórninni þolinmæði með þetta. Hans hugur stæði til þess að reyna virkja hverfisnefndirnar betur en það hefði ekki verið hægt í ár að úthluta meiru til nefndanna. Nefndin taldi að meira fé í hverfin og meira samráð þyrfti að koma til, til þess að nefndir myndu ekki leggjast niður og verða óstarfhæfar aftur.
5. Siglingaklúbburinn Nökkvi er að fá 30 milljónir í sinn hlut. Hlynur spurði Odd hvort að þetta ætti ekki að falla undir tólmstundamál en ekki fegrun bæjar. Oddur taldi það ekki vera og inni í þessari fjárhæð væri áætlun um fegrun strandarinnar í kringum Nökkvasvæðið. Hann sagði Nökkvaverkefnið vera tekið út sérstaklega þar sem það væri stórt og kostnaðarsamt og myndi að líkindum enda í 100 milljón króna í kostnaði. Þetta hefði verið sett í forgang sökum ítrekaðra óska íbúa eftir því að þetta svæði yrði lagað. Oddur sagðist geta verið sammála nefndinni með það að kostnaður vegna traktors ætti líklega ekki heima í þessu átaki.

Hverfisnefndin óskar eftir því við Bæjarráð/Framkvæmdaráð að teknir verði peninga úr liðnum “Gangstéttar og stígar” fyrir stígum og lýsingu á umræddum leiksvæði á milli F-gila og V-gila.

Eftir fundinn með Oddi ákvað nefndin að sækja um til Akureyrarbæjar um að fá 2 milljón króna framlagið í eigin hendur til hönnunar og framkvæmda við leiksvæðið milli F-og V-gila.

Taldi nefndin að fyrir þetta fé væri hægt að hanna leiksvæðið, hafa jarðvegsskipti og jafnvel átt eitthvað uppí leiktæki.

Mikill hugur er í nefndarmönnum fyrir framkvæmdum á þessu svæði og telja þeir að hægt sé að virkja íbúa hverfisins til að ganga frá svæðinu hratt og vel, einnig telur hún að vinnuframlag íbúana verði til að lækka framkvæmdakostnað.

Jafnframt óskar hverfisnefndin eftir því að fá að skoða þau leiktæki sem geymd eru í geymslum hjá bænum og sjá hvort eitthvað af þeim sé hægt að laga þannig að þau geti orðið lögleg og brúklega.

Einnig var ákveðið að leita tilboða í hönnun á vellinum áður en boðað yrði til fleiri funda með fulltrúum Akureyrarbæjar.

Fundarritarar:

Svala Haraldsdóttir

Hlynur Jónsson